16. Nokkur orð um bann og bindindi.

2 blöð qto.

Bindindismál

## Nokkur orð um bann og bindindi

Þrátt fyrir það, þó ég hafi að ýmsu leyti verið við bindindismál síðan frá 4. október 1885, þegar ég ásamt öðrum bræðrum mínum og undir forustu Bjarna sál. bróður míns, varð til þess að stofna fyrsta bindindisfélagið sem til varð í Árnessýslu og við nefndum Bræðra-félag, en sem síðar, eða 13. júní 1886, varð til þess að stofnuð var fyrsta Góðtemplarastúkan (Lukkuvon nr. 20.) austur þar, þá ætla ég nú að segja frá því hvernig og á hvern hátt ég og fleiri tókum þátt í vínbruggun, einmitt á þeim tíma sem liðinn er síðan ég gjörðist bindindismaður og Góðtemplar og á hvern hátt sú vínbruggun fór fram, en það var við hina stóru og umfangsmiklu verslun J. R. B. Lefolii: á Eyrarbakka, í þau 16 ár er ég vann að verslunarstörfum við þá verslun, sem sé, frá 1886 til 1902, er ég flutti þaðan alfari til Reykjavíkur.

Því hefir óslitilega verið núið okkur templurum um nasir, að við, með því að stuðla að stofnun bannlaganna, höfum komið því til leiðar, að menn fóru að taka upp á því, að brugga vín í landi hér, svo sem þau er „Kogari" „Landi" „Höskuldur" og „Rammveig" nefnast, þá er þetta, fremur en margt annað frá andbanninga hálfu í okkar garð, alls ekki rétt, því vínbruggun sú, er ég nú ætla að lýsa, var árlegur og sjálfsagður viðburður löngu fyr, eða 20-30 árum áður, en nokkur „Höskuldur" o.s.frv. þekktist hér sem slíkur.

Annars ætla ég nú að skjóta því hér inn í og nota tækifærið

til ad lýsa því yfir í eitt skifti fyrir öll, ad víndrykkja sú og afleidingar hennar, sem nú á sídari árum hefir svo mjög verid þvadrad og þvælt um, er ad mínu áliti og annara er fylgst hafa med þeim málum, nú í nærfellt 50 ár, <u>ekki</u> bannlögunum ad kenna, heldur þeim einum og engum ödrum, er áttu ad gæta þeirra og sem stödu sinnar vegna a. m. k. áttu ad halda þeim í heidri og sjá um ad þau væru ekki brotin, en þad voru og eru enn hin íslenzku stjórnarvöld. <u>Þeirra</u> er sökin, ef nokkur er, en <u>ekki</u> templara eda annara bannmanna, því <u>þeir</u> hafa aldrei bedid um, ad Konsúlabrennivín, læknabrennivín, Spánarvín (né heldur ad) allur sá ófögnudur, sem af þessu hefir leitt, væri látinn flæda yfir land vort og þjód. Þad hafa þingmenn, læknar og stjórnarvöld landsins gert. Eg hefi engan templar, bannmann eda sannan bindindis-vin, vitad hafa haldid því fram, hvorki leynt né ljóst, ad þad væri heilög skylda hvers ærlegs Íslendings, ad virda bannlögin vettugi og brjóta þau svo freklega sem unnt væri. <u>Þetta</u> hafa þingmenn, læknar og ædstu embættismenn landsins, margir hverjir, þó heidarlegar undantekningar frá því séu þó til, bædi med ordum og athöfnum í rædum og ritum, <u>heimtad</u> ad þjódin gerdi.

Þeirra er því sökin, en ekki templara eda bannvina, ef nokkur madur hefir farid sér ad voda og dáid af misnotkun víns, á þeim tíma, sem bannlögin hafa verid vid lýdi. Þeir eru hinir sönnu Höskuldar-fedur og eiturbyrlarar landsins.